



Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
b/t nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2010.

Efni: Tillaga til bingsályktunar um aðild að spillingarsamningi Sameinuðu þjóðanna. (652.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér aðild Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

Spilling hefur verið eytt helsta vandamál og umræðuefni þegar kemur að stjórnvöldum landa. Uppræting spillingar hefur verið yfirlýst markmið flestra lýðræðiskjörinna ríkisstjórna ásamt áralangri barráttu bæði innan landa og milli við þau öfl sem þrífast á spillingu.

Október 2003 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samning gegn spillingu. Sá samningur er settur fram sem stuðningur við samstarf ríkja um upprætingu spillingar. Í dag eru yfir 140 ríki aðilar að honum og meðal annarra öll norðuriöndin og EES ríki utan Íslands.

Aðild Íslands að ofangreindum samningi er eðlileg í því alþjóða samfélagi sem við búum í og færir um leið verkfæri til upprætingar spillingu hér á landi. Þó Ísland hefi jafnan komið vel út í úttekstum á spillingu ríkja þá er full ástæða til að tryggja gott aðhald að stjórnvöldum og innan stjórnsýslunnar, er þessi samningur tæki í þeirri barráttu.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreind tillaga nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands